

## **Fundargerð**

322. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn  
24. febrúar 2016, kl 15.30, í húsnæði ríkissáttasemjara

### **Fundinn sátu:**

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Fjarverandi  
Jóhanna Traustadóttir, ritari

### **Fundarritun annaðist:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

### **Dagskrá:**

1. Fundur settur
1. Fundargerð síðasta fundar
2. Kjaramál
  - a. Sveitarfélögin
  - b. Samstarfsnefndir
  - c. Eftirfylgni bókana
3. Undirbúningur félagssjórnarfundar 26. febrúar. (framhald frá síðasta fundi)  
Spurning um hvort það þurfi að bæta inn á dagskránnu.
  - a. Dagskrá
    - i. Undirbúningur Fulltrúapings SLFÍ 2016
      1. Mál sem lögð voru fram fyrir 1. febrúar
        - a. Lagabreytingar
      2. Ársskýrslur deilda
      3. Fjárhagsáætlanir deilda
      4. Staðan hjá Uppstillinganefnd
    - ii. Aðalfundur EPN
      1. Fulltrúar frá Íslandi
    - iii. EPN ráðstefnan
      1. Erindi frá Íslandi
      2. Gestagjafir
      3. Rútuferð með gesti
    - iv. Lífeyrismál
      1. Álit stjórnar á kynningarfundum BSRB
    - v. Sjúkraliðatalið og saga félagsins
    - vi. Atburðir á afmælisárinu
      1. Afmælisnefnd gerir grein fyrir stöðu mála
    - vii. Menntamál
      1. Sérnam sjúkraliða (menntunarmöguleikar)

4. Af vettvangi stjórnar BSRB
  - a. Lífeyrismálin
    - i. Hvað þýðir stjórnarskrár varinn réttur?
    - ii. C- deild
  - b. SALEK vinnan, sjá skjal
    - i. Skipting fulltrúa á fund 7. maí í Hörpu.
    - ii. Hvernig verða fulltrúar BSRB undirbúnir.
    - iii. Hvernig veljum við borðstjóra – 15 einstaklinga.
  - c. Nefndarstörf BSRB
    - i. Erindisbréf nefndarmanna.
    - ii. Mál á dagskrá stjórnar úr nefndum.
    - iii. Kostnaður við nefndarstörf.
  - d. Formannaráðsfundir 2016
    - i. 8. september – fundur á landsbyggðinni.
    - ii. 24. nóvember 2016 – fundur í Reykjavík.
5. Fundir EPN á Íslandi
6. Orlofsblaðið

Önnur mál

## Fundargerð

### 1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna til fundar og gerði grein fyrir að Jóhanna Traustadóttir ritari væri í veikindaleyfi.

### 2. Fundagerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið

Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) framkvæmdastjóri SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

### 1. Staðan í kjaramálum

- KÁG og GÖG fóru yfir stöðuna í kjaramálum:
  - Sjö fundir hafa verið haldnir undir stjórn ríkissáttasemjara með Samninganefnd sveitarfélaga SNS. Á þar síðasta fundi áttu fulltrúar SNS að leggja fram tilboð um launahækkanir á komandi samningstímabili. Ekkert tilboðið var lagt fram að þeirra hálfu, en fulltrúar SNS óskuðu eftir að fulltrúar SLFÍ legðu enn og aftur fram skriflega aðrar kröfur en launaliðinn. Var það gert og fundi frestað.
  - Í síðasta kjarasamningi voru bókanir hjá ríkinu og SFV sem nauðsynlegt er að fylgja eftir strax. Félagið hefur skipað sína fulltrúa í verkefnahóp vegna bókananna, en illa gengur að fá fjármálaráðuneytið til að hefja vinnuna. Vinnunni á að vera lokið fyrir 1. apríl 2016 (stubbavaktir) og fyrir 1. júní 2016 (endurskoðun á starfsemi fræðslusjóða og greiðslur í starfsþróunarsjóð). Starfsmaður

samninganefndar SFV hefur verið í sambandi við félagið vegna bókananna og verður fundur með þeim fljótlega.

- Fram kom að ekki er enn búið að klára þau mál sem rædd voru á síðasta samstarfsnefndarfundi LSH. Fleiri mál hafa bæst við og óskað verður eftir fundi í samstarfsnefnd fljótlega.
- Fyrir liggur að á næstunni verður fundað í samstarfsnefnd HSA. Dalla lögfræðingur BSRB hefur unnið álit vegna meintra verkfallsbrota í síðasta verkfalli. Álitið er í vinnslu og fundurinn verður þegar því máli lýkur. Einnig þarf að taka fyrir á þeim fundi staðgengilslaun sjúkraliða sem færðir voru í heimahjúkrun s.l. sumar.
- Fundur verður í samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar fimmtudaginn 25. febrúar, vegna ýmisra mála sem tengjast síðasta kjarasamningi og vegna starfsmannamála.

## **2. Undirbúningur fyrir félagsstjórnarfund 26. febrúar. (framhald frá síðasta fundi)**

KÁG fór yfir að á síðasta fundi framkvæmdastjórnar var farið yfir alla dagskrárlíði, en spurning væri um hvort eitthvað þyrfti að ræða betur.

Jóna Jóhanna fer yfir verkefni sem er í gangi hjá EPSU og varða einkavæðingu í heilbrigðisþjónustu í hverju landi fyrir sig.

Ýmis mál rædd og gerð grein fyrir stöðu þeirra. Undirbúningur fyrir EPN ráðstefnuna er í góðri stöðu.

KÓ mun gera grein fyrir þeirri umræðu sem verið hefur um atburði í tilefni af 60 ára afmæli félagsins á árinu.

## **3. Af vettvangi stjórnar BSRB**

KÁG gerði grein fyrir þeim málum sem rædd voru á síðasta stjórnarfundum BSRB.

- Væntanlegar breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna voru rædd. Farið var m.a. yfir hvort núverandi réttur sé stjórnarskrárvarinn og mun lögfræðingur BSRB skoða það nánar. Einnig var rætt um möguleika á stofnun C deildar fyrir þá sem kæmu inn nýir.
- Rætt var um áframhaldandi vinnu vegna SALEK og skipulag vinnufundar sem verður 7. maí í Hörpu, en sá fundur mun verða með „þjóðfundarstíl“. Ákveða þarf hvernig fulltrúar SLFÍ verða valdir og velja borðstjóra frá félaginu og þjálf þá.
- Nefndarstarf BSRB er farið af stað eða er að fara af stað. Störf, ábyrgð, verkferlar, kostnaður og erindisbréf hafa verið kynnt og yfirfarinn á fyrstu fundum.
- Fyrirkomulag formannaráðsfunda voru rædd, tímasetning og staðsetning næstu funda ákveðin.

## **4. Fundir EPN á Íslandi**

1. Aðalfundur EPN verður 30. maí á Íslandi. Framkvæmdastjórn leggur til að fulltrúar félagsins verði KÁG, KÓ og BÓ.
2. EPN ráðstefnan á Íslandi mánaðamótin maí – júní 2016. Málefni ráðstefnunnar verður „Sjálfbærliðastörf í heilbrigðisþjónustu“ og eru flestir fyrirlesarar klárir. Farið verður með erlenda gesti í ferðalag um Snæfellsnes og siglt um Breiðafjörð. Gestagjafir eru að mestu leyti klárar. Hótelgisting og ráðstefnuaðstaða er einnig klár og frágengin.

## 5. Orlofsblaðið

Orlofsblað SLFÍ er í vinnslu og verður komið út fyrir páska. Ýmsar nýjungar verða í boði t.d. afláttamiðar frá Ferðaskrifstofu Íslands, Íbúð í Orlando og gönguferð um Vestfirði.

Önnur mál  
Engin önnur mál

*Fundi slitið kl. 17.15*